Ed. **632. Nefndarálit** [23. mál]

um frv. til l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt þetta mál á mörgum fundum. Einnig ræddi hún málið við heilbrigðismálaráðherra, landlækni og yfirlækninn á Kleppi. En niðurstaðan varð sú, að nefndin klofnaði um afgreiðslu málsins. Meiri hl., Páll Zóphóníasson, Hannibal Valdimarsson, Lárus Jóhannesson og Brynjólfur Bjarnason, leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingum, er þeir bera fram á þingskjali 629. Brynjólfur Bjarnason tekur þó fram, að hann áskilji sér rétt til að fylgja einnig öðrum breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Minni hl., Gísli Jónsson, skilar sérstöku nefndaráliti og ber fram víðtækar breytingartillögur við frumvarpið.

Alþingi, 4. maí 1949.

Páll Zóphóníasson, form. — Hannibal Valdimarsson, fundaskr., frsm. — Lárus Jóhannesson.

Brynjólfur Bjarnason.